

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 2. desember 2022

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. Vilhjálmur Árnason, formaður

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um fiskeldi og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (heimildir til bráðabirgðaráðstafana o.fl.), 390. mál, 153. löggjafarþing

Bændasamtök Íslands gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Samræmi milli laga

Í nýrri 7. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er tiltekið að: *Bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi má veita til allt að eins árs og er heimilt að framlengja hana um allt að eitt ár að uppfylltum skilyrðum greinar þessarar.*

Með breytingum á 2. mgr. 21. gr. c laga nr. 71/2008 um fiskeldi er hinsvegar eingöngu lagt til að hægt sé að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða til allt að eins árs. Þar er því ekki að finna samsvarandi ákvæði og í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þess efnis að einnig megi framlengja um eitt ár til viðbótar. Ekki verður séð að málefnalegar forsendur séu fyrir þessari mismunun milli þess hvort það er Umhverfisstofnun eða Matvælastofnun sem er leyfisveitandi.

Bændasamtökin leggja því til að a. liður 9. gr. frumvarpsins orðist svo: *Sé rekstrarleyfi fellt úr gildi getur Matvælastofnun í sérstökum undantekningartilvikum, enda mæli ríkar ástæður með því, gefið út rekstrarleyfi til bráðabirgða til allt að eins árs, sem heimilt er að framlengja um allt að eitt ár, berist umsókn [...].*

Um breytingar á lögum um fiskeldi

Ákvörðun kæránleg

Með þeim breytingum sem gera á á 21. gr. c. laga nr. 71/2008 um fiskeldi er gert ráð fyrir að útgáfa rekstrarleyfis til bráðabirgða sé kæránleg jafnframt því að veita almennan rétt til athugasemda við fyrirhugaða útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða. Bændasamtök Íslands mótmæla því alfarið að slíkt rekstrarleyfi sem gefið er út til bráðabirgða verði kæránlegt. Afar skýrt er í frumvarpinu og greinargerð að eingöngu er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða í undantekningartilvikum og þegar ríkar ástæður mæli með því. Þá eins og nefnt hefur verið er gert ráð fyrir athugasemdaferli og að gerð sé rík krafa til stjórnvaldsins að taka tillit til mögulegra athugasemda. Að auki er Matvælastofnun heimilt að takmarka bráðabirgða rekstrarleyfið sé þess talin þörf.

Birting

Boðuð breyting á lögum um fiskeldi gerir ráð fyrir að rekstrarleyfi til bráðabirgða sé eingöngu auglýst á vefsíðu Matvælastofnunar. Með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana er í 7. gr. innleidd ný gagna- og samráðsgátt og verður því að velta upp þeirri

spurningu hvort breyta þurfi orðalagi þannig að hið minnsta útgáfa bráðabirgðaleyfa sem ná inn á gildissvið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana fái örugglega samræmda málsmeðferð með birtingu í gáttinni.

Um breytingu á 25. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Bændasamtökin telja að boðaðar breytingar á 25. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana geti falið í sér afar íþyngjandi ráðstafanir fyrir leyfishafa. Verður hér sérstaklega að vísa til b. liðar 2. mgr. þar sem sú krafa er gerð að *umhverfisáhrifin verði metin frá upphafi framkvæmdar*. Eins og dæmin sýna þá getur verið afar viðamikil verkefni að meta umhverfisáhrif og slíkt ferli jafnvel tekið mörg ár. Telja verður að a. liður greinarinnar einn og sér feli í sér eðlilegri kröfur sem byggja á meðalhófi.

Þannig verði framkvæmdaleyfishafi til að mynda að teljast almennt í góðri trú með að ekki séu annmarkar á umhverfismati enda byggir það bæði á ferlum og rýni stjórnvalda. Ljóst má vera að gífurlegur kostnaður myndi fylgja því fyrir fyrirtæki að vera gert að fara aftur í gegnum það ferli vegna annmarka sem að líkindum mætti rekja til þeirra ríkisstofnana sem rýnt hefðu fyrra ferli. Má þar með ætla að í slíkum tilfellum gætu ríkisstofnanir verið skaðabótaskyldar verði annmarkarnir raktir til þeirra eða skorts á leiðbeiningum af þeirra hálfu.

Í greinargerð með frumvarpinu er aðeins lítillega minnst á forsendur þess að svo íþyngjandi ákvæði er boðað í lögnum. Vitnað er til leiðbeininga ESA samkvæmt tilskipun 2011/92/ESB í greinargerð en ekki er frekari rökstuðningur þar að finna. Mun ítarlegri umfjöllun þarf um þetta atriði í greinargerð til að skýra bæði forsendur þess og áhrif.

Um breytingu á 25. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og samspil við önnur lög

Bændasamtökin telja að skoða þurfi betur samspil þeirra breytinga sem boðaðar eru á 25. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana við sérlög. Til að mynda verði að skoða hvort heimildarákvæði vanti inn í lög nr. 71/2008 um fiskeldi þar sem skýrt komi fram að veita megi tímabundna heimild fyrir framkvæmd (bráðabirgðaleyfi) þannig að uppfyllt séu skilyrði þau sem sett eru í 2. mgr. 25. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Ábending

Í a. lið 6. gr. frumvarpsins er vísað til 2. másl. 1. mgr. 8. gr. laga um fiskeldi en líklega er þar átt við 3. másl. sömu greinar.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur